

S T A R F S S K Ý R S L A .  
=====

1 9 7 8  
=====

Gróðrarstöðin Tumastöðum.

### Vöxtur og þrif trjágróðurs.

Laufgun og lauffall. Laufgun birkiskjólbeltanna hér í gróðrarstöðinni á Tumastöðum var 4. júní en lauffall var aftur á móti 11. október.

Vöxtur. Vöxtur trjáa var á öllum tegundum fyrir neðan meðallag og sama er að segja um trjáplöntur sem hér eru í uppeldi, hann var fyrir neðan meðallag nema á græðlingum og dreifsetningu þessa árs, þar var vöxtur í góðu meðallagi.

Þrif. Á undanförunum árum hafa öll grenitré og greniplöntur í uppeldi verið úðað með lyfjum minnst einu sinni á ári til varnar sitkalús. Í fyrrahaust bar mikið á sitkalúsinni í girðingu hreppsins í Tunguhálsi og eins í sitkagrenilundinum frá 1944, en lundurinn hafði þó verið sprautaður um sumarið 1977 en sýnilegt að hluti af honum hefur orðið útundan eða lyfið verið ónýtt og var mikið um sitkalús í þeim hluta lundarins.

Í febrúar í ár var lundurinn frá 1944 og meiri hluti Tungugirðingar sprautaður upp á von og óvon, ég geri fastlega ráð fyrir að vetrar sprautun þessi hafi gert gagn því það var ekki mikið um lús síðari hluta sumars eða í haust, en þá er hún mest áberandi. Á því svæði sem sprautað var um veturinn fannst hún víða í haust en ekki í miklu mæli eða í líkingu við það sem var í fyrra.

Í haust var farið yfir Tungugirðingu alla og hún sprautuð og á sama tíma var gróðrarstöðin öll sprautuð ásamt gróðursetningum og skjólbeltum og þess gætt eftir föngum að ekki yrði grenitré eða planta útundan. Fyrr um sumarið var eins og venjulega farið yfir alla gróðrarstöðina, skjólbelti og plöntur í uppeldi úðaðar með

skordýraeitri og sást ekki lús í gróðrarstöðinni þegar sprautað var í haust en hún engu og síður sprautuð til öryggis.

Fræfall. Lítið var af könglum á sitkagreni í ár en þeim var safnað, eins var safnað fræi af sitkaelri og úlfareyni.

### Starfsfólk.

Almenn vinna í gróðrarstöðinni féll ekki niður yfir vetrarmánuð-ina og voru þeir notaðir til að sinna ýmsum viðhaldsverkefnum.

Starfsfólk á árinu, unnar vinnuvikur í hverjum mánuði.

	8 konur	karlar	samtals
Janúar	2,5	4,8	7,3
Febrúar		4,0	4,0
Mars	2,8	4,3	7,1
Apríl	6,8	6,9	13,7
Mai	24,8	14,3	39,1
Júní	48,0	24,0	72,0
Júlí	32,9	25,5	58,4
Ágúst	20,2	21,1	41,3
Sept.	4,9	11,8	16,7
Okt.	4,8	10,4	15,2
Nóv.	7,9	8,8	16,7
Des.	<u>4,0</u>	<u>6,0</u>	<u>10,0</u>
Samtals	159,6	141,9	301,5

### Gróðrarstöðin.

Fræplöntur. Sáð var í 566,5 m<sup>2</sup> í ár þar af 62,5 m<sup>2</sup> í gróðurhús en 504 m<sup>2</sup> í beð undir gler eins og venja er, um þéttleikann er það segja að hann var nú mjög góður nema af 1 kvæmi af lerki, þar var

sáningin allt of gisin eða 208 pl. á m<sup>2</sup>, sama er að segja um blá-  
greni sáninguna þar voru 218 pl. á m<sup>2</sup>.

Eins og í fyrra voru nokkur brögð að því að ræturnar væru etnar  
upp að yfirborði í sáðbeðunum og verður að gera gangskör að því  
að fá lyf sem er langvirkt og fræsa það saman við jarðvegin áður en  
sáð er og eins ætti að fræsa lyf í svæði þau sem dreifsett er í til  
varnar ranabjöllu lirfunni sem herjar á rætur dreifsetningar plantn-  
ana og gert hefur nokkurn skaða á undan förnum árum. Sækja verður  
um leyfi fyrir lyfi líku og gesarol sem mun vera það besta til  
þessara nota.

Vökvað var með Rogor síðari hluta sumars yfir öll sáð- og dreif-  
setningarbeð og meirihlutann af dreifsetningarbeðunum aftur í  
október um leið og úðað var við sitkalúsinni.

Vöxtur fræplantna var fremur lítill. Plöntur til dreifsetningar  
næsta vor eru taldar vera samtals 340.100 stk. miðað við ástandið í  
haust.

Dreifsetning. Í sumar voru dreifsettar hér 271.342 stk. af skógar-  
plöntum af því voru 121.265 stk. sem dreifsettar voru á venjulegan  
hefðbundin hátt en 150.077 stk. í móbänd í gróðurhúsi. Úti dreif-  
setningin hefur vaxið vel og lítur mjög vel út og lofar góðu, annars  
hefur vöxtur á plöntum sen nú eru 2/2 verið minni en á undan förnum  
árum og verður sumt að standa 1 ár í viðbót.

Hreinsun. Gardoprim 80 var notað hér eins og gesatop var notað  
áður, sprautuð voru öll nýdreifsett beð en að öðruleiti handhreinsað.  
Fræbeð voru sprautuð með terpentínu og síðan handhreinsuð.

Afhending. Afhentar voru 222.450 stk. af skógarplöntum og af því  
71.995 stk. í móbändi.

Skógarplöntur til afhendingar næsta vor eru áætlaðar 200.044 stk.  
þar af 86.950 stk. í eða úr móbändi og af þessum hefur þegar verið  
tekið frá 20.414 stk. til nota á Tumastöðum og eru sér á blaði um  
skógarplöntur til afhendingar næsta vor.

Garðplöntur. Afhentar voru 12.367 stk. af garðplöntum af 88 tegundum og 221 stk. af hnausaplöntum eða samtals 12.588 stk. Teknir voru 37.712 stk af vorgræðlingum og 10.918 stk. sumar-græðlingar eða 48.630 stk. af græðlingum og fylgir listi yfir hvoru tveggja og einnig fylgir listi yfir pottaðar plöntur en pottaðar voru 11.533 stk. af 52 tegundum.

Gróðursetning. Hér á Tumastöðum var gróðursett sem hér segir.

Sitkagreni 2/2 Tumastaðir T-63	800 <sup>v</sup> stk.
Sitkagreni 2/4 Cordova B-779	1.380 <sup>v</sup> -
Sitkagreni Cordova pottaplöntur	1.080 <sup>v</sup> -
Birki pottaplöntur	280 <sup>v</sup> -
Sýnishorn af 19 tegundum	1.032 <sup>v</sup> -
	<hr/>
Samtals	<del>5.604</del> stk. 4.572

Annað. Í meir en 2 ár hefur verið beðið um að útvegað væri Glyfosfat til að eyða grasi og öðrum óþurftar gróðri í gróðursetningum yngri sem eldri, en það er enn ókomið. Eins væri ~~æskilegt~~ að fá lyf til að eyða óþurftar gróðri í hinum ýmsu skjólbeltum og að það sé sem varanlegast. Ef hægt væri að fá lyf til að eyða grasi og arfa í limgerðum væri það vel þegið, væri hægt að útvega þessi lyf og notkun þess ekki vandkvæðum bundin gætu þau dregið úr kostnaði við hreinsun í gróðrarstöðvunum og umhirðu plantna eftir gróðursetningu. Væri þetta ekki verðugt verkefni fyrir tilraunastöðina á Mógilsá? Eins það hvort hún gæti ekki haft á hendi upplýsinga öflun um ranabjöllu og sitkalús, hvaða lyf séu best til útrýmingar á þessum ófögnuði og hvenær sé heppilegast að fást við hana.

Eins þarf skógrækt ríkisins að koma sér upp geymslustað sem hefur á hendi afgreiðslu á lyfjum fyrir skógarverði vegna þess að sum af þessum lyfjum eru vandmeð farin, mega ekki frjósa eða geymast of lengi fyrir notkun.

Gefa þarf út góðar leiðbeiningar um meðferð og notkun á lyfjum sem notuð eru hjá Skógrækt ríkisins.

Múlakot. Plantað var 35 nýjum tegundum af trjám og runnum þar í sumar, hreinsun fór þar fram með líkum hætti og á undanförunum árum og býr maðurinn sem sér um hreinsunina þar í Hnotukoti en ekki er hægt að hafast þar við nema yfir há sumarið og tæplega það vegna þess hvað húsakynnin eru léleg.

Vélar og verkfæri. Jarðtætari var málaður einnig báðir vagnarnir sem notaðir eru í græðireitnum til flutnings á móbandi og pottum, einnig voru jeppakerrurnar málaðar.

#### Byggingar.

Viðhald og endurbætur. Í gamla fjósinu var loftið klætt með olíu-soðnumasoníti og settar upp hillur og verður húsið notað sem lager fyrir potta, poka, plast og aðrar vörur sem þurfa að vera til á lager.

Plöntukæli. Plastið í plöntugeymslunni hefur rýrnað á undanförunum árum svo einangrunin var að detta niður og stórfelt kulda tap úr húsinu. Einangrunin var lagfærð með því að troða glerull í rifur og síðan að loka samskeytum með einangrunarplastkylum. Gólf í frystirnum var síðan málað. Settur var gólftekgrunnur síðan málað með E-21 gólfhúð, settar flögur á gólfið og lakkað með Flott lakki.

Vinnuaðstaðan sem er framan við frystirunn, þar sem fer fram dreifsetning í móband, soreting og pottun á plöntum, var með moldar-gólfi. Grafið var út úr húsinu og keyrt í það mól og síðan var gólfið járnbandið og steipt, platan var slípuð um leið og steypa var lögð niður, haft var niðurfall í gólfi eins var gengið frávatnslögn í húsið.

Umdæmisbústaður. Á árinu var skipt um alla glugga sem eftir var að endurnýja samtals 16 glugga, sett 2 falt gler frá Samverk Hellu. Síðan var húsið einangrað að utan með 1 1/2 tommu plasti og klætt með Sænsku lituðu stáli. Eldhús var einnig endurnýjað og fengin inn-rétting frá Haga á Akureyri, Keyptur var ísskápur og eldavei á samt

viftu, skógarvörður átti gömlu tækin. Vegna kostnaðar hækkunar var ekki farið í að lagfæra baðherbergi eins og til stóð en vonast til að það verði hægt á árinu 1979, eins þarf að mála húsið að innan.

Yfirlit yfir viðskiptareikning við Skógrækt ríkisins Ránarg. 18

=====

	Innborgað	Útborgað
Jöfnuður skuld við reikningsh.		586.815
Rekstrarfé frá S.r. ....	3.000.000	
Vextir .....	28.515	
Innkomið fyrir skógarplöntur .	2.766.493	
Innkomið fyrir garðplöntur ...	5.170.646	
Innkomið frá viðskiptam. ....	838.982	
Greiddir reikningar .....	<u>                    </u>	<u>11.340.015</u>
Samtals	11.804.636	11.926.830
Mismunur skuld við reikningsh.	<u>122.194</u>	<u>                    </u>
Samtals	11.926.830	11.926.830

=====

Inneign hjá viðskiptamönnum 1/1 1979 kr. 517.842.-

Plöntusala 1978.

=====

Heima sala.

Skógarplöntur með sölugjaldi	297.560	
Skógarplöntur án sölugjalds	2.768.675	
Garðplöntur með sölugjaldi	4.390.713	
Garðplöntur án sölugjalds	<u>841.983</u>	8.298.931

Millifærslur.

Skjólbeltaplöntur styrkur	242.550	
Styrkur til einstaklinga	454.750	
Skógrækt ríkisins til endurs.	<u>305.000</u>	1.002.300
Skógrækt íkisins til eigin nota		<u>5.301.981</u>

Samtals 14.603.212  
=====

## 1. Sáning

Tegund	Kvæmi	Nr.	Kg	M <sup>2</sup>	Pl. Þéttl. pr. m	Athugas.
Birki	Geitag.+Hrafnsg	B-884	0,50	30		Gróðurh.
Birki	Hrafnsg.+Geita	B-950	0,78	36	940	
Sitkaelri	Tumastöðum			9		Gróðurh.
Blágreni	Archeleta Col.	B-982	0,18	18	218	
Rauðgreni	Brönnöy	B-801	0,08	9	680	
Rauðgreni	Vebelat. Brönn.	B-802	0,09	9	948	
Sitkagreni	Homer	B-936		72	1787	
Sitkagreni	Homer	B-886	1,05	60	1800	
Sitkagreni	Tumast.					2 bakka
Stafafura	Skagway	B-953	0,14	12	2050	
Stafafura	Skagway	B-952	1,94	144	1815	
Stafafura	Haines	B-908	0,40	36	990	
Rússalerki	Domsjöenget	B-957	0,80	36	758	
Rússalerki	Altaí	B-894	1,41	36	208	
Rússalerki	Tanny Tuva	B-942	0,46	36	627	
Gullregn				1,5		
Úlfareynir	Múlakoti			6		
Bogsírena				4,5		
Hengimispill				1,5		
Eldþyrnir						Bakka
P. mugo pumio				4,5		4 bakka
P. pumila				3		
				566,5		

## 2. Dreifsetning

Tegund	Kvæmi	Nr.	Aldur	Fjöldi	Athugas.
Birki	Bæjarstað	B-844	2/o	6.328	Mb. 226
Birki	Hálsar	B-843	1/o	27.384	Mb. 978
Birki	Geitagerði	B-950	1/o	9.184	Mb. 328
Birki	Bæjarstað	B-844	2/o	3.400	
Blágreini	Highwoods	B-825	2/o	3.300	Mb. 118
Rauðgreini	Brönnöy	B-801	2/o	5.960	<del>MBX</del>
Sitkagreini	Homer	B-886	2/o	49.355	
Sitkagreini	Homer	B-886	2/o	44.968	Mb. 1606
Sitkagreini	Haines	B-911	2/0	11.920	
Sitkagreini	Haines	B-911	2/o	12.740	Mb. 455
Sitkagreini	Homer	B-858	2/2/o	2.200	
Broddfura	Costilla	B-893	2/o	4.780	
Stafafura	Skagway	B-935	2/o	22.490	
Stafafura	Skagway	B-935	2/o	5.712	Mb. 204
Stafafura	White Pass	B-934	2/o	3.400	
Stafafura	White Pass	B-934	2/o	475	Mb. 17
Stafafura	Haines	B-908	2/o	12.980	
Stafafura	Haines	B-908	2/o	6.890	Mb. 246
Marþöll	Wrangell	B-933	2/o	4.780	
Rússalerki	Mo Do	B-957	2/o	30.856	Mb. 1102
Síberfulerki	Altaf	B-894	2/o	2.240	Mb. 80
				<hr/>	
				271.342	

78.01.24. B. Þ.

Það getur verið til bóta að setja sáningarár með nr., t.d. 900/77

## 2. Dreifsetning Græðlingar 1978

Tegund	Kvæmi	Nr.	Aldur	Fjöldi	Athugas.
Alaskaösp	Kopper river Delta			2.484	
Alaskaösp	Ýmis kvæmi Tumast.			2.583	
Alaskaösp	Ýmis kvæmi Mógilsá			711	
Brekkuvíðir	Hall.			10.098	
Brekkuvíðir	Tumast.			975	
Tunguvíðir				350	
Gljávíðir				5.112	
Viðja				2.600	
Loðvíðir	Hall			470	
Alaskavíðir				2.763	
Alaskavíðir	Cordova Flats			3.700	
Alaskavíðir	S - 04			280	
Alaskavíðir	S - 3			470	
Alaskavíðir	Ýmis kvæmi Mógilsá			873	
Hauksvíðir				1.000	
Ribs				<u>3.243</u>	
	Samtals			<u>37.712</u>	

78.01.24. B. P.

## 2. Dreifsetning Sumargræðingar 1978

Tegund	Nafni Latínun.	Nr.	Aldur	Fjöldi	Athugas.
Glansmispill	C. acutifolin			2.300	
Skriðmispill	C. adpressa			660	
Kambmispill	C. divaricata			253	
Dúnmispill	C. tomentosa			42	
Dögglingskvistur	S. douglasii			315	
Sunnukvistur	S. nipponica			1.057	
Birkikvistur	s. betulifolia	amiligna thum		1.575	
Perlukvistur	S. Margarita			420	
Víðikvistur	( grár)			210	
Bjarkeyjarkvistur	S. chamedrif	vilmifolin		315	
Loðkvistur	S. mollifolia			105	
Kínakvistur	S. Gemmata			210	
Skúfkvistur	S. corumbosa			210	
Bogakvistur	S. veitchii			315	
	S. cinera	Grefsheim		15	
Dvergkvistur	S. bumalda	Anthony vaterer		14	
Rósakvistur	S. rósea			93	
Síberíukvistur	S. trilobata			62	
Japanskvistur	S. japonica			33	
Runnamura	P. fruticosa			525	
Runnamura (hvít)	P. -	(sandwedana ?)		210	
Runnamura (smábl.)	P. -			35	
Runnamura	P. -	(frá Vöglum)		28	
Runnamura	p. 7	farreri prostrata		4	
Reyniblaðka	S. sorbifolin			210	
Bergflétta	H. helix			210	
Snjóber	S. albus			281	
Vaftoppur	L. caprifolium			92	
Skógartoppur	L. periclymenum			66	
Dúntoppur	L. xylosteum			39	
Svarttoppur	L. nigra			31	
Sóltoppur	L. chrysanta			46	
Gultoppur	L. defexicalyx			50	
Loðtoppur	L. hispida			44	
	L. altaica			52	
Snækóróna	P. coronarius			115	
Snækóróna	P. -	Lewisii waterton		31	
Slædurunni	H. discolor			16	
Gullsópur	C.			310	
Gullsópur	C. praecox			155	
Eldlandsber	B. heterophylla			34	
Baunatré	C. aurantica			124	
	Samtals			10.912	

78.01.24. B. Þ.

Það getur verið til bóta að setja sáningarár með nr., t.d. 900/77

## 2. Dreifsetning

Pottað 1978

Tegund	<del>SÖNNUM</del>	Nr.	Aldur	Fjöldi	Athugas.
Gráreynir	S. hybrida			364	
Reyniviður	S. aucuparia			1.111	
Úlfareynir	S. hostii			939	
Sitkaelri	A. sinuata			117	
Fjallagullregn	L. alpinum			82	
Heggur	P. padus			60	
Hunangsviður	A. canadensis			441	
Síberíulerki	L. síberíulerki			210	
Sitkagreni	P. sitchensis			53	
Glansmispill	C. autifolin			1.026	
Hengimispill	C. horicontalis			388	
Kambmispill	C. divaricata			171	
Skriðmispill	C. adpressa			105	
Birkikvistur	S. betulifolia (fræpl. )			228	
Birkikvistur	S. betulifolia amiligna thun			120	
Bjarkeyjarkvistur	S. chamedrif vilmifolin			293	
Bogakvistur	S. veitchii			292	
Dúkvistur	S. mollifolin blendingur			29	
Dögglingkvistur	S. douglasii			452	
Kínakvistur	S. gemmata			35	
Loðkvistur	S. mollifolin			96	
Perlukvistur	S. Margarita			422	
Rósakvistur	S. rosea			27	
Skúfkvistur	S. corumbosa			143	
Sunnukvistur	S. niponeca			1.073	
Víðikvistur				58	
Amorsírena	S. amurensis			13	
Bogsírena	S. reflexa			54	
Dísarunni	S. vulgaris			24	
Gljásírena	S. josikaea			156	
Ribs	R. sativum			571	
Fjallaribs	R. alpinum			365	
Stikilsber	R. uva crispa			185	
Baunatré	C. aurantica			89	
Runnamura	P. fruticosa			253	
Runnamura hvít	P. fruticosa			155	
Kóreuber	B. coreana			4	
Roðaber	B. thunbergii			150	
Sandþyrnir	R. rhamnoides			31	
Blásurunni	P. opulifolius			161	
Blátoppur	L. coereulea			389	
Glæsítóppur	L. ledebourii			192	
Rauðtóppur	L. tatarica			124	
Svarttóppur	L. nigra			13	
Vaftóppur	L. caprifolium			19	
Gullsópur	cytisis			65	
Einir	J. communis			48	
Snækóróna	P. coronarius			23	
Eldþyrnir	P. oronge			8	
Bergflétta	H. helix			29	
Vorling	E. carnea			12	
Stjörnutóppur	D. magnifica			65	
78.01.24. P. P.				11.533	

Það getur verið til bóta að setja sáningarár með nr., t.d. 900/77

## 3. Skógarplöntur - Afhending 1978

Tegund	Kvami	Nr.	Aldur	Fjöldi	Athugas.
Birki	Bajarstað	B-844	2/0	2.700	
Birki	Hall.	B-900	1/2	2.360	Mb.
Rauðgreni	Hennes	B-805	2/3	1.080	Mb.
Rauðgreni	Leirfjörð	B-804	2/4	950	Mb.
Rauðgreni	Ringst.	B-761	2/4	525	Mb.
Sitkagreni	Sitka	B-668	2/2	27.700	
Sitkagreni	Homer	B-858	2/2	16.500	
Sitkagreni	Cordova	B-779	2/4	2.055	
Sitkagreni	Cordova	B-817	2/2	5.925	Mb.
Sitkagreni	Cordova	B-817	2/2	19.750	
Sitkagreni	Tumast.	T-63	2/2	800	
Sitkagreni	Cordova	B-817	2/3	2.700	
Sitkagreni	Skagway	B-862	3/2	390	Mb.
Sitkagreni	Hall.	B-861	3/2	2.000	Mb.
Sitkagreni	Homer	B-858	2/2	2.300	Mb.
Sitkagreni	Tumast.	T-44	3/2	1.600	Mb.
Sitkagreni	Hveragerði	B-860	3/2	2.000	Mb.
Sitkagreni	Tumast.	B-826	2/3	1.000	Mb.
Stafafura	Skagway	B-890	2/2	37.185	Mb.
Stafafura	Skagway	B-890	2/2	29.200	
Stafafura	Haines	B-854	2/2	43.275	
Bergfura	H. confl.	B-840	2/3	5.775	
Fjallabíur	Skagway	B-856	3/2	1.600	Mb.
Síberíulerki	Altái	B-894	1/1	12.580	Mb.
Síberíulerki	Altái	B-894	1/1	500	Mb. Haust
78.01.24.B.D.		Samtals		222.450	

Það getur verið til bóta að setja sáningarár með nr., t.d. 900/75

4. Garðplöntur - Afhending 1978

Tegund	Flokkur	Fjöldi		Athugas.
		Beð	Pottar	
Vöttubirki			18	
Birki			834	
Gráelri			27	
Grænelri			25	
Sitkaelri			25	
Reyniviður			59	
Silfurreynir			8	
Gullregn			20	
Alaskaösp			363	
Sitkagreni			1.423	
Blágreni			325	
Broddgreni			38	
Hvítgreni			50	
Svartgreni			41	
Fjallapínur			162	
Rauðpínur			18	
Broddfura			102	
Bergfura			56G	
Gráfura			41	
Lindifura			39	
Rauðfura			10	
Stafafura			42	
Sveigfura			26	
Síberíulerki			92	
Evrópulerki			87	
Ribs			133	
Fjallaribs			154	
Stikilsber			23	
Birkikvistur			247	
Bogakvistur			55	
Perlukvistur			223	
Dögglingiskvistur			291	
Sunnukvistur			135	
Loðkvistur			12	
Skúfkvistur			29	
Kínakvistur			56	
Bjarkeyjarkvistur			25	
Runnamura			309	
Blátoppur			105	
Glæsítóppur			67	
Reyniblaðka			27	
Rauðyllir			47	
Hunangsviður			97	
Geitaskegg			45	
Ambra			17	
Snjóber			19	
Blásurunni			11	
Humall			11	
Bergflétta			20	
Skriðmispill			32	
Glansmispill			12	

4. Garðplöntur - Afhending 1978

Tegund	Flokkur	Fjöldi		Athugas.
		Beð	Pottar	
Fjalldrapi			14	
Alaskavíðir			1.055	
Viðja			2.427	
Brekkuvíðir			1.730	
Gljávíðir			818	
Loðvíðir			88	
Grávíðir			<u>23</u>	
			12.288	
30 aðrar tegundir			79	
<u>Hnausaplöntur.</u>				
Álmur			2	
Gráelri			5	
Sitkagreni			187	
Stafafura			26	
Bergfura			<u>1</u>	
			221	
	Samtals		12.588	

5. Skógarplöntur - Áætlað til afhendingar vor <sup>1979</sup> ~~1978~~

Fegund	Kvæmi	Nr.	Aldur	Fjöldi	Athugas.
Birki	Hálsar	B-843	1/1	5.100	úr Mb.
Birki	Hálsar	B-843	1/1	6.400	Mb.
Birki	Bæjarstað	B-844	2/2	4.250	Mb.
Blágreini	Mc Kenzie	B-781	2/3	700	
Rauðgreini	Bindal	B-803	2/3	2.600	s.r. planta
Sitkagreini	Homer	B-858	2/2	16.725	
Sitkagreini	Homer	B-858	2/3	16.750	
Sitkagreini	Homer	B-858	2/2/2	835	
Sitkagreini	Cordova	B-817	2/3	2.200	Mb.
Sitkagreini	Cordova	B-817	2/3	18.650	
Sitkagreini	Haines	B-911	2/2	12.875	
Bergfura	Ht. confl.	B-859	2/3	9.450	
Bergfura	Ht. confl.	B-859	2/3	4.250	Mb.
Broddfura	Hall.	B-881	2/3	2.650	úr Mb.
Stafafura	Skagway	B-890	2/2	13.000	
Stafafura	Skagway	B-890	2/2	41.600	Mb.
Stafafura	Haines	B-854	2/2/2	1.095	
Síberífulerki	Altaf	B-894	2/1	<u>20.500</u>	Mb.
	Samtals			179.630	

5. Skógarplöntur - Áætlað til afhendingar vor <sup>1979</sup> ~~1978~~

Þegund	Kvæmi	Nr.	Aldur	Fjöldi	Athugas.
<u>Notast á Tumastöðum.</u>					
Birki	Bæjarst.	B-844	2/2	3.650	góðar skógarpl.
Birki	Bæjarst.	B-844	2/2	1.510	úrvals -
Birki	Bæjarst.	B-844	2/2	3.100	limgerðispl.
Birki	Bæjarst.	B-844	2/1	1.175	góðar skógarpl.
Birki	Bæjarst.	B-844	2/1	1.000	sumarb. pl.
Sitkagreni	Homer	B-858	2/2	1.100	úrvalspl.
Sitkagreni	Homer	B-858	2/3	2.736	úrval til útpl.
Sitkagreni	Cordova	B-817	2/3	1.289	- - -
Sitkagreni	Haines	B-911	2/2	150	- - -
Bergfura	H. confl.	B-859	2/3	1.564	úrvalspl.
Broddfura	Hall.	B-881	2/3	340	-
Stafafura	Skagway	B-855	2/2/2	2.800	góðar skógarpl.
	Samtals			20.414	
				200.044	

## 6. Áætlað til dreifsetningar árið 1979.....

Tegund	Kvæmi	Nr.	Aldur	Fjöldi	Skýringar
Birki	Bæjarstað	B-845	2/o	35.100	
Birki	Sörli	B-800	2/o	2.000	
Blágreni	Highwood	B-825	2/o	26.000	
Hvítgreni	Hall.	B-956	2/o	16.000	
Sitkagreni	Hall.	B-958	2/o	28.000	
Sitkagreni	Egilst.	B-955	2/o	44.000	
Sitkagreni	Haines	B-911	2/2	900	
Sitkagreni	Homer	B-858	2/2	2.300	
Stafafura	Skagway	B-935	2/o	100.000	
Stafafura	Skagway	B-953	2/o	33.600	
Stafafura	Skagway	B-890	2/2	1.700	
P. mugo				1.500	
Rússalerki	Altaf	B-894	1/o	6.000	
Rússalerki	Tanny Tuva	B-942	1/o	19.000	
Rússalerki	Domsjöenget	B-957	1/o	24.000	
		Samtals		340.100	